

3 Stjórnarfundur UMSE, haldinn á Búgarði þriðjudaginn 7. júní 2011 klukkan 20:00

Mættir eru: Þorgerður Guðmundsdóttir, Þorsteinn Marinósson, Kristlaug María Valdimarsdóttir, Óskar Þór Vilhjálmsson, Kristín Hermannsdóttir, Einar Hafliðason.

Óskar setti fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (og þar síðasta).
Óskar setur fram tillögu um að fundargerð verði send út til annarra stjórnarmeðlima innan sólarhrings frá fundi og telst samþykkt ef að engin athugasemd berst innan viku frá dagsetningu sem að hún er send út.
2. Styrkir:
 - a. Búið að greiða styrki vegna Gautaborgarferðar og Æskan og hesturinn
 - b. Engar styrkumsóknir bárust.
3. Frjálsíþróttamál
 - a. Sumaræfingar
Lögð var fram æfingartafla fyrir sumarið, frjálsíþróttanefnd og þjálfari ætla að hittast á fundi og fara betur yfir töfluna.

- Jóhanna Gunnlaugsdóttir mætti á fundinn.

 - b. Gautaborgarferð
Kristín leggur þá fyrirspurn til stjórnar hvort að stjórnin sé tilbúin að borga undir farastjóra og ef að það er einhver afgangur af ferðasjóðnum að hluti af honum komi til baka til UMSE.
 - c. Samstarf við UFA
Farið var á fund hjá UFA um samstarf við UFA og var þetta mjög góður fundur.
4. Notkun á íþróttaleikvangi við Hamar, samningur við Akureyrarbæ.
 - a. Ekki lokið
Óskar, Birkir og Þorsteinn fóru á fund með Nóa Björnssyni og Kristni Svanbergssyni þar sem að þeir lögðu fram gjaldskrá fyrir UMSE fyrir 12 mánuði í senn.
5. Vorfundur UMFÍ
Þorsteinn sótti fundinn til Ísafjarðar. Niðurstaðan var að vonbrigði með flest en niðurstaðan í lagi.
 - a. Kynning frá Evrópa Ungafólksins
 - i. Frábær kynning, farið yfir mikið af þeim verkefnum sem eru í gangi og standa til boða. Þeir sem er áhugasamir geta haft samband við þau og fengið upplýsingar. Heimasíðan þeirra er: www.euf.is
 - b. Kynning UMFÍ
 - i. UMFÍ kynnti þau verkefni sem eru í gangi hjá þeim. Frekar hröð kynning og ekki farið djúpt í verkefni.
 - c. Viðburðarstjórnun

- i. Ómar Bragi fór yfir ýmis atriði varðandi viðburði. Stutt og hnitmiðað.
 - d. Fjármál félagasamtaka
 - i. Helgi Gunnarsson fór yfir nokkur atriði varðandi fjármál hjá félögunum. Áætlanagerð, Daglegar hreyfingar, Eftirlit og Uppgjör-Ársreikningar.
 - e. Mannauður í félagastarfi
 - i. Ágætis hópefli, fékk ekki mikið út úr námskeiðin. Meira verið að reyna að kenna okkur að fá góðar hugmyndir með mjög sérstökum aðferðum. Námskeiðið endaði skyndilega þegar allir voru kallaðir út á flugvöll.
- 6. Önnur mál.
 - a. Landsmót 50 ára og eldri.

Spurning hvort að það ætti að tala við bridgenefndina hvort að þeir myndu vilja senda þátttakendur.

Fyrir næsta Landsmót 50+ að búa til nefnd sem inniheldur einstaklinga sem að hafa aldur til að fara á þetta mót til að safna liði.

UMSE greiðir keppnisgjald fyrir sína þátttakendur fyrir þetta mót. Þorsteinn ætlar að senda út bréf til aðildarfélaga.
 - b. Aðalfundur Þorsteins Svarfaða.

Þar kom fram óánægja með dómaraáæslu á hraðmóti UMSE á Reynisvelli og að mótið sé ekki lengur svipur með sjón eins og það var hér áður fyrr.
 - i. Vísa á þessu til knattspyrnunefndar.

Óskar og Einar fóru stuttlega yfir það sem að rætt var um á aðalfundir Þorsteins Svörfuðum.
 - c. Farið var um víðan völl með umræðu um frjálsarnar og starf þeirra.

Næsti fundur ákveðinn 5 júlí klukkan 20:00

Fundi slitið 22:18

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður